

Samkomulag

Eyjafjarðarsveit kt. 410191-2029 og Akureyrarbær kt. 410169-6229 gera með sér eftirfarandi samkomulag.

1. gr.

Akureyrarbær tekur að sér að annast rekstur á 1 dagþjónusturými sem Eyjafjarðarsveit hefur fengið heimild fyrir frá heilbrigðisráðuneytinu. Í því felst að Eyjafjarðarsveit á aðgang að 1 dagþjónusturými fyrir íbúa úr Eyjafjarðarsveit enda hafi viðkomandi íbúi verið metinn í þörf fyrir dagþjónustu af þar til bærum aðila. Geti Eyjafjarðarsveit ekki nýtt sér dagþjónusturýmið tímabundið er öðrum nágrannasveitarfélögum eða Akureyrarbæ heimilt að nýta það fyrir sína íbúa. Á móti geta íbúar Eyjafjarðarsveitar nýtt tímabundið fleira en eitt dagþjónusturými hjá Akureyrarbæ sé þess þörf og aðstæður leyfa.

2. gr.

Öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) annast daglegan rekstur dagþjónusturýmisins af hálfu Akureyrarbæjar.

3. gr.

ÖA sendir Tryggingastofnun ríkisins mánaðarlega reikning fyrir nýtingu dagþjónusturýmisins og fær greitt daggjald fyrir dagþjónustu fyrir minnissjúka samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðuneytisins á hverjum tíma.

Eyjafjarðarsveit eða önnur nágrannasveitarfélög bera ábyrgð á akstursþjónustu við að koma viðkomandi notendum til og frá ÖA og greiða allan kostnað vegna þess. Nánari útfærsla á akstursþjónustu fyrir notendur er ákveðin í samráði milli ÖA og Eyjafjarðarsveitar.

4. gr.

Samkomulag þetta gildir þar til annað verður ákveðið. Báðir aðilar geta sagt samkomulaginu upp með 3ja mánaða fyrirvara.

Akureyri, 22/5 2015

Kennir Friðmannsson

Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar



Halldór S. Guðmundsson

Framkvæmdastjóri ÖA